

3. gr.

Félagsmálaráð fer með:

1. Aðstoð við fjölskyldur, þar með talið eftirlit með aðbúð barna og uppeldi á heimilinu og eftirlit með hegðun þeirra utan heimilis.
2. Aðstoð og eftirlit með börnum, sem eru siðferðislega, líkamlega eða andlega miður sín, hafa framið afbrot eða eru á annan hátt á glapstigum.
3. Ráðstöfun í vist eða fóstur og eftirlit með því að öðru leyti en greinir í 2. gr. 6. tl. hér að framan.

4. gr.

Komi upp ágreiningur um skýringar á reglugerð þessari, sker menntamálaráðu-neytið úr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 31/1968, um breytingar á lög-um nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 15. apríl 1970.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

12. maí 1970.

Nr. 97.

AUGLÝSING

um að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, skuli ekki beitt gagnvart þegnum tiltekinna ríkja.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, hefur ráðuneytið ákveðið, að fengnum yfirlýsingum um gagnkvæma réttarvernd, að ákvæð-um 1. mgr. 28. gr. nefndra laga, varðandi skyldu erlendra aðila, sem sækja um að skrá-setja vörumerki hér á landi, til að leggja fram vottorð um samsvarandi skrásetn-ingu í heimalandi sínu, skuli ekki beitt gagnvart þegnum Stóra-Bretlands.

Iðnaðarráðuneytið, 12. maí 1970.

Jóhann Hafstein.

Árni Snævarr.

22. maí 1970.

Nr. 98.

REGLUGERÐ

um skráningu og skoðun léttra bifhjóla o. fl.

1. gr.

Létt bifhjól skulu skráð hjá lögreglustjóra í umdæmi því, sem eigandi hjólsins er búsettur í. Eigendaskipti skal tafarlaust tilkynna lögreglustjóra.

Á hverju léttu bifhjóli skulu vera skráningarmarki framan og aftan á hjólinu. Skráningarmarkin skulu vera með hvítum stöfum á rauðum grunni. Hæð stafa skal vera 4,5 cm. Einkennisstafir skulu vera hinir sömu og fyrir bifreiðar, en númer skulu hefjast á tölunni 1 í hverju umdæmi.